

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1995.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1995.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í kaupstaðnum. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A)	Íbúðir	Sorphreinsigjald	Kr. 2.250
		Sorpeyðingargjald	“ 1.450
B)	Fyrirtæki	Sorphreinsigjald	“ 5.100
	Flokkur 1	Sorpeyðingargjald	“ 5.000
	“ 2	“	“ 20.000
	“ 3	“	“ 40.000
	“ 4	“	“ 60.000
	“ 5	“	“ 80.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytið, 18. janúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Ísafirði.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorphreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarkaupstað.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A)	Íbúðir, íbúðarhúsnæði	Sorphirðugjald	kr. 7.000 á íbúð.
	Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.		

B) Fyrirtæki, stofnanir og aðrir sambærilegir lögaðilar.

Sorpeyðingargjald skal taka mið af kostnaði bæjarsjóðs við eyðingu og er lagt á aðila samkvæmt eftirfarandi fokkum:

Flokkur 1	Sorpeyðingargjald	kr.	0
Flokkur 2	“	“	17.500
Flokkur 3	“	“	25.000
Flokkur 4	“	“	50.000
Flokkur 5	“	“	75.000
Flokkur 6	“	“	125.000
Flokkur 7	“	“	175.000

Bátar:

Bátar að 20 tonnum, kr. 650 fyrir hvern mánuð á sjó.

Bátar 21-30 tonn, kr. 950 fyrir hvern mánuð á sjó.

Bæjarstjórn skipar aðilum í gjaldflokka og tekur við álagningu svo sem kostur er mið af umfangi starfsemi og sorpgerð.

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Reikningar á báta/skip verða gefnir út með hafnargjöldum.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar mun setja sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu Funa sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfissráðuneytið, 18. janúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.